

## Greiñargerð

vegna ráðgerðrar tímabundinnar skipunar sendiherra til að gegna forstöðu sendiráðs Íslands í Washington

Með bréfum ráðherra 12. desember 2023 voru Einar Gunnarsson, sendiherra og fastafulltrúi, Anna Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri laga- og stjórnsýsluskrifstofu, og Hreinn Pálsson, mannauðsstjóri, skipuð í ráðgefandi hæfnisnefnd skv. 6. mgr. 9. gr. 1. nr. 39/1971 (UTL).

Hinn 14. desember 2023 fengu nefndarmenn send drög að erindisbréfi sendiherra Íslands í Washington ásamt kynningarbréfi og fcrilskrá Svanhildar Hólm Valsdóttur til að meta hæfni hennar og almennt hæfi til að taka við embættinu á grundvelli tímabundinnar skipunar skv. 2. mgr. 9. gr. UTL.

Hæfnisnefnd hélt fjarfund 15. desember. Lagði formaður fyrir nefndarmenn að leggja mat á, hvert fyrir sig, hvort þau hefðu einhver þau tengsl við sendiherraefni að það gæfi tilefni til að þau segðu sig frá verki. Enginn nefndarmanna taldi svo vera.

Nefndin ræddi því næst hver sjónarmið væri rétt að leggja til grundvallar í starfi sínu.

Hvað varðar mat á hæfi til taka sendiherraskipun skv. 2. mgr. 9. gr. UTL koma til skoðunar almennar reglur um embættisgengi skv. 6. gr. 1. nr. 70/1996 (STML) ásamt þeim viðbótarreglum sem felast 9. greininni sjálfri.

Í 6. gr. STML felst að almenn skilyrði fyrir skipun í embætti eru að viðkomandi sé á aldrinum 18 til 69 ára, bæði lögráða og fjárráða og búi yfir nauðsynlegu heilbrigði, andlegu og líkamlegu, til að gegna embættinu. Þá má viðkomandi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað sem varðað gæti missis embættisgengis sbr. 1. mgr. 68. gr. 1. nr. 19/1940. Til viðbótar þessum almennu skilyrðum skal sendiherra sem skipaður er tímabundið á grundvelli 2. mgr. 9. gr. UTL hafa háskólamenntun og reynslu af alþjóða- og utanríkismálum eða sértauka reynslu sem nýtist í embætti. Þessi viðbótarskilyrði 2. mgr. fyrir tímabundið skipaða sendiherra eru frábrugðin viðbótarskilyrðum fyrir fastskipaða sendiherra skv. 1. mgr. 9. gr. UTL þar sem krafist er að sendiherraefni hafi lokið háskólaprófi og hafi viðtæka reynslu af alþjóða- og utanríkismálum.

Nefndin taldi augljóst að mat á hæfi væri að mestu hlutlægt og að byggja mætti á einföldum svörum sendiherraefnis um aðra þætti en mat á reynslu, endi kæmi ekkert fram í gögnum sem bent til annars. Hvað varðar mat á reynslu felur það hins vegar í sér huglægt mat sem fellur að einhverju leyti saman við mat á hæfni.

Hvað varðar mat á hæfni sendiherraefna þegar skipun er ráðgerð á grundvelli 1. mgr. 9. gr. UTL þykir rétt að líta til Stjórnendastefnu ríkisins og framgangsviðmiða utanríkisþjónustunnar fyrir sendifulltrúa. Þegar skipun er ráðgerð á grundvelli 2. mgr. 9. gr. UTL eru kröfur um reynslu af alþjóða- og utanríkismálum vægari og því rétt að líta fremur til Stjórnendastefnunnar ásamt drögum að erindisbréfi sendiherra á þeirri tilteknu starfstöð sem til stendur að sendiherraefnið veiti forstöðu.

Í Stjórnendastefnu ríkisins er kjörmynd stjórnenda samansett af fjórum lykilþáttum, leiðtogaþæfni, samskiptahæfni, árangursmiðaðri stjórnun og heilindum. Þessir fjórir þættir eiga allir fullum fetum við um embætti sendiherra og endurspeglast í meðfylgjandi drögum að erindisbréfi sendiherra Íslands í Washington. Í drögunum að erindisbréfinu má til viðbótar

greina áherslu á eftirfarandi hæfniþætti; greiningargetu, alþjóðlegt menningarlæsi, tengslamyndunarhæfi og þjónustulund. Hvað þekkingu og reynslu varðar er rétt að líta sérstaklega til alþjóðamála, varnar- og öryggismála, viðskiptamála, menningarmála, rekstrar- og fjármála og tungumálakunnáttu.

Nefndin ákvað að óska eftir viðtali við sendiherraefnið og leita eftir umsögnum hjá tilgreindum umsagnaraðilum þar sem leitast væri við að varpa ljósi á framangreinda matsþætti. Að loknu viðtali yrði haldinn matsfundur þar sem nefndarmenn myndu hver fyrir sig lýsa mati sínu á framangreindum hæfnispáttum. Formaður myndi á þessum grunni gera drög að greinargerð og umsögn nefndarinnar sem yrðu afgreidd á öðrum matsfundi hennar.

Nefndin átti fjarfund með sendiherraefni síðdegis 15. desember þar sem hún svaraði spurningum nefndarmanna og gerði nánari grein fyrir því hvernig hún teldi reynslu sína, þekkingu og hæfni nýtast í væntanlegu hlutverki sendiherra Íslands í Washington. Meðfylgjandi er yfirlit spurninga og helstu atriða í svörum sendiherraefnis.

Þá hafði nefndin samband við þrjá tilgreinda umsagnaraðila sendiherraefnis og bauð þeim að senda inn skriflega umsögn um reynslu sína af því að vinna með sendiherraefni og hvernig hún horfði við þeim sem leiðtogi og samstarfsmaður. Umsagnirnar eru hjálagðar.

Að kvöldi 15. desember hélt nefndin fjarfund og gerðu nefndarmenn munnlega grein fyrir mati sínu á hæfni og almennu hæfi sendiherraefnis á grundvelli framangreindra gagna og viðtals. Nefndarmenn voru sammála um að Svanhildur Hólm Valsdóttir uppfyllti skilyrði 6. gr. STML og 2. mgr. 9. gr. UTL til að hljóta tímabundna skipun í embætti sendiherra til að gegna forstöðu í sendiráði Íslands í Washington og fólu formanni að ganga frá drögum að greinargerð þessari og formlegrí umsögn um hæfni og almennt hæfi sendiherraefnis.

Formaður sendi nefndarmönnum drög að greinargerð þessari og umsögn síðdegis 16. desember. Greinargerðin og umsögnin voru samþykktar á fundi nefndarinnar 17. desember og formanni falið að senda hana til utanríkisráðherra.

#### Fylgiskjöl:

1. Umsögn um hæfni og almennt hæfi Svanhildar Hólm Valsdóttur til að gegna embætti sendiherra Íslands í Washington skv. 2. mgr. 9. gr. 1. nr. 39/1971
2. Kynningarbréf
3. Ferilskrá
4. Umsagnir
5. Yfirlit spurninga og svara í viðtali
6. Fundargerðir
7. Drög að erindisbréfi

## Umsögn ráðgefandi hæfnisnefndar

um hæfni og almennt hæfi Svanhildur Hólm Valsdóttur  
til að gegna embætti sendiherra Íslands í Washington  
skv. 2. mgr. 9. gr. l. nr. 39/1971.

Svanhildur Hólm Valsdóttir er 49 ára lögfræðingur (cand. jur.) frá Háskóla Íslands (2009) og með MBA gráðu (2018) frá Háskólanum í Reykjavík. Svanhildur er með yfir tíu ára fjölbreytta starfsreynslu af fjöldum sem blaðamaður, fréttamaður í útvarpi og sjónvarpi, þáttastjórnandi, dagskrágerðarmaður, ritstjóri dagskrárefnis og við stjórnun og rekstur. Frá lokum embættisnáms í lögfræði 2009 starfaði Svanhildur fyrst sem framkvæmdastjóri þingfloks Sjálfstæðisflokkssins um þriggja ára skeið áður en hún tók við starfi aðstoðarmanns formanns Sjálfstæðisflokkssins í næxti ár. Að því loknu starfaði hún sem aðstoðarmaður fjármálaráðherra frá 2013 til 2020 að undanskildu árinu 2017 þegar hún starfaði sem aðstoðarmaður forsætisráðherra. Samkvæmt 22. gr. l. nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands er meginhlutverk aðstoðarmanns ráðherra að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Frá árslokum 2020 hefur Svanhildur gegnt starfi framkvæmdstjóra Viðskiptaráðs Íslands.

Hæfnisnefndin telur að við mat á hæfni og almennu hæfi Svanhildur Hólm til að gegna starfi sendiherra Íslands í Washington sé rétt að líta til eftirfarandi.

Svanhildur Hólm hefur getið sér gott orð sem stjórnandi og leiðtogi í störfum sínum hjá Viðskiptaráði þar sem hún hefur stýrt sjö til tíu manna starfsliði og borið beina ábyrgð á mannahaldi, rekstri, fjármálum, stefnumótun og áætlanagerð gagnvart stjórn. Viðskiptaráðið, og forveri þess Verslunarráð Íslands, hefur í rúma öld verið mikilvægur vettangur aðila úr íslensku atvinnulífi þar sem leiðarljósíð hefur verið að auka samkeppnishæfni Íslands.

Þá hefur Svanhildur enn fremur getið sér gott orð sem leiðtogi, greinandi og hugmyndasmiður í störfum sínum sem aðstoðarmaður fjármála- og forsætisráðherra, aðstoðarmaður formanns Sjálfstæðisflokkssins og framkvæmdastjóri þingfloks Sjálfstæðisflokkssins. Svanhildur gerði sjálf grein fyrir því í viðtali að í þessum hlutverkum hafi bein stjórnun og mannaforráð eðli máls verið takmörkuð en á móti komi að hún hafi öðlast víðfeðma þekkingu á æðstu stjórnsýslu ríkisins, gangverki stjórnmalá og pólitískri stefnumótun.

Umsagnir um Svanhildi eru lofsamlegar. Þar kemur meðal annars fram að hún þyki vera leiðtogi og liðsmaður, drífandi dugnaðarforkur, skarpur greinandi, hugmyndarík og framúrskarandi í öllum samskiptum og framkomu. Umsagnaraðilar nefna einungis tvennt sem teljist líklega ekki til styrkleika hjá Svanhildi og er annað það að viðhalda einbeitingu/áhuga á hægfara rútnuverkefnum og hitt að hún geti átt til að klára verkefni á síðustu stundu án þess að það hafi þó komið niður á gæðum.

Svanhildur býr einnig að umfangsmikilli og farsælli reynslu af vettvangi fjöldla og sýndi í viðtali að hún á mjög gott með að koma fyrir sig orði og miðla þekkingu sinni og reynslu skýrt og skilmerkilega, hvort heldur á íslensku eða ensku.

Í viðtali setti Svanhildur fram sín sína á hvernig sendiráðið í Washington gæti og ætti að styðja við íslenskt viðskiptalíf í Bandaríkjum og öðrum umdæmisríkjum og fjallaði um hvernig sendiráðið gæti komið að kynningu á íslenskri menningu.

Í starfi Svanhildar hjá Viðskiptaráði felast alþjóðasamskipti en á þeim hefur hún einnig öðlast þekkingu og reynslu í gegnum aðstoðarmannsstörf sín og í félagsstarfi.

Svanhildur kveðst líta á starf sendiherra sem þjónustu- og málsvarahlutverk öðru fremur og kveðst hafa brennandi áhuga fyrir að láta gott af sér leiða. Hún sér fyrir að hún geti nýtt þekkingu sína og reynslu af vettvangi stjórnsmála, viðskipta, fjölmíðla og menningar til að styðja og verja íslenska hagsmuni í Bandaríkjunum og öðrum umdæmisríkjum sendiráðsins í Washington.

Svanhildur Hólm er að mati nefndarinnar hæf samkvæmt skilyrðum 1. mgr. 6. gr. l. nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 2. mgr. 9. gr. l. nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands til að verða tímabundið skipuð sendiherra til að veita sendiráði Íslands í Washington forstöðu, með venjubundnum fyrirvara um samþykki gistiríkis og öryggisvottun.